

Fjórði fundur Deltadeildar var haldinn í Bókasafni Akraness - Svöfusal 8. febrúar 2024. Um undirbúning fundar sáu þær Jensína, Ásta og Guðlaug í samráði við formann. Á fundinn mættu níu Deltakonur.

Fundurinn hófst kl. 17:30 og var dagskráin eftirfarandi:

Halldóra formaður setti fundinn, bauð konur velkomnar í Svöfusal og sagði í nokkrum orðum frá Svöfu Þorleifsdóttur, skólastjóra, sem salurinn er nefndur eftir. Jónína Eiríksdóttir kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi og Guðlaug Sverrisdóttir tók að sér ritun fundargerðar.

Halldóra bauð fyrirlesara fundarins Ingibjörgu Júlíusdóttur forstöðumann bókasafnsins velkomna og þakkaði henni um leið fyrir að taka á móti okkur.

Ingibjörg sagði frá fjölbreyttri starfsemi bókasafnsins en sagði jafnframt starfsfólk þess leita stöðugt leiða til að auka fjölbreytnina og ná til allra íbúa innlendra sem erlendra. Bókasafnið heldur úti virkri síðu á Facebook en þar er að finna allar upplýsingar um starfsemina. Kenndi Ingibjörg okkur að merkja við síðuna í „favorites“ sem tryggir að auglýstir viðburðir safnsins rata að vegginn okkar á Facebook!

Barnastarfi er gert hátt undir höfði bæði með sögustundum og foreldramorgnum þar sem er lesið, leikið og fönðrað. Reynt var að bjóða upp á sérstakar samverustundir fyrir erlend börn og foreldra þeirra en þörfin var ekki til staðar á þeim tíma. Sumarlestur nemenda á yngsta stigi grunnskólans er vinsæll og fastur liður í starfseminni og er þá lögð áhersla á fjölbreytta viðburði fyrir börnin. Á safninu er skiptimarkaður með búninga fyrir öskudag og hrekkjavöku og fyrir jólin var skiptimarkaður fyrir sparifatnað.

Ingibjörg sagði einnig frá verkefninu Bókin heim sem er í boði fyrir þá sem ekki eiga heimangengt en þar fer starfsmaður heim til fólks með bækur í samræmi við óskir þess og áhuga. Einnig hafa þeir sem eiga bókasafnskort aðgang að rafbókasafni sem geymir erlend tímarit. Tveir leshringir eru starfandi á bókasafninu, annar sjö manna en hinn telur ellefu manns og hittast þeir einu sinni í mánuði. Á Vökudögum að hausti eru jafnan bókmenntakynningar og nú í janúar var kynningin Sviðasulta, bjór og Jón Hreggviðsson með Halla (Haraldur Benediktson bæjarstjóri Akraness og bóndi á Rein) endurtekin vegna mikils áhuga fólks.

Í lokin ræddi Ingibjörg um eigin bókaáhuga og las upp úr bókinni Undir yfirborðinu eftir Fridu McFadden. Kvaddi hún okkur með því að margt skemmtilegt væri framundan í starfsemi safnsins sem ekki væri þó hægt að segja frá hér og nú!

Halldóra þakkaði Ingibjörgu fyrir og færði henni rós og upplýsingaritið um DKG.

Halldóra flutti kveðjur frá þeim konum sem ekki komust á fundinn. Síðan lagði hún fram tillögu að skipan uppstillinganefndar sem verða þær Jónína Erna, Elísabet og Valgerður. Tillagan var samþykkt einróma. Nefndarkvenna bíður það verkefni að finna nýjan formann Deltadeildar og þrjá stjórnarmeðlimi. Halldóra minnti á vorráðstefnu DKG 2024 og sagði frá erindi laganefndar um lagabreytingar á næsta alþjóðþingi DKG sem verður í National Harbour, Maryland dagana 9. – 13. Júlí 2024. Einnig minnti hún á að umsóknarfrestur til að sækja um styrk í Lucile Cornetet-sjóðinn rennur út 1. mars nk.

Skagakonurnar Gunnhildur, Ruth, Brynja og Jónína munu undirbúa næsta fund. Eftir er að ákveða stað og stund en fram kom á fundinum að Nýkonur á Norðurlandi vestra hafa óskað eftir að funda með okkur einhvers staðar miðsvæðis fyrir báðar deildir. Málið var rætt en ekkert ákveðið. Halldóra mun hafa samband norður og hlera hug þeirra.

Bókaspjallið var næst á dagskrá. Bókin Högni eftir Auði Jónsdóttur var fyrst á dagskrá. Við vorum sammála um að bókin væri í heildina góð þó svo sumar hafi lagt hana frá sér tímabundið! Bókin skiptist í þrjá kafla, í fyrstu tveimur er fjallað um Högna í 3. persónu og birtist hann þar sem óttaleg remba og sá sem allt veit best og hefur rétt fyrir sér en í þeim þriðja tekur hann sjálfur yfir, segir frá sjálfum sér og lífshlaupi sínu og er þar að finna skýringar á ýmsu í fari hans. Við vorum sammála um að lífsreynsla Högna hafi verið mikil og erfið, bæði sú lífsreynsla að lenda í slaufun nútímans sem fer að mestu fram á samfélagsmiðlum og sú sem fylgdi örlögum föður hans sem var útskúfað úr samfélaginu á sínum tíma fyrir samkynhneigð sína sem leiddi til þess að hann fyrirfór sér. Þeirri spurningu var varpað fram hvort Högni væri sjálfur samkynhneigður. Í umræðunni kom fram að Auður sjálf hafði upplifað slaufun á samfélagsmiðlum.

Umfjöllun um bókina má lesa hér:

<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2023-11-02-audur-jonsdottir-ad-gera-thad-sem-hun-gerir-best-395504>

og

https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2023-11-28-addaunarverd-tilraun-til-thess-ad-skrifa-flokna-og-breyska-personu-398302?fbclid=IwAR36HpkKwsd7CoP1w54EZOO7y_MplHb2HLAr2tzBy1QuNbLCmy4dIYZqNLw

Bókin Aksturslag innfæddra eftir Þórdísi Gísladóttur samanstendur af sjö smásögum úr samtímanum sem byggðar eru á raunverulegum atburðum og auðvelt að spegla sig í. Fram kom að bókin væri notaleg og fljótlesin og sumar sögurnar áhugaverðari en aðrar t.a.m. sagan sem ber sama titil og bókin og segir frá Tedda sem býr alla ævi á æskuheimili sínu. Það er vissulega þægilegt og þurfa aldrei að kaupa sér íbúð, flytja að heiman og koma sér upp búslóð en getur líka haft vissa ókosti sem kemur berlega í ljós í sögunni. Sagan Listarnir þótti afar góð og höfðaði til okkar því margar sem könnuðust við að gera ýmsa lista í sínu daglega lífi.

Umfjöllun um bókina má lesa hér:

<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2023-12-01-madur-hlaer-upphatt-og-hugsar-af-hverju-ser-hun-inn-i-sal-mina-398576>

Síðasta mál á dagskrá var Orð til umhugsunar í umsjá Halldóru formanns. Byrjaði hún á því að ræða stöðu Grindvíkinga í yfirstandandi náttúruhamförum, sagði huga okkar hjá þeim og vonaði að allt færi á besta veg. Því næst fjallaði hún um orð ársins 2023 sem er orðið gervigreind, valið bæði af hlustendum RÚV og Árnastofnun en um orðið segir á RÚV: „Gervigreind er hæfileiki búnaðar til að vinna verk sem venjulega eru tengd mannlegri greind.“ Rifjaði Halldóra upp að fluttur var fróðlegur fyrirlestur um gervigreind í skólataref á Landsambandsþingi DKG sl. vor þar sem fram kom að hún geti verið

gagnleg í skólastarfi og sparað vinnu. Sagði Halldóra þakkarvert að ískenskir aðilar vinni að því að íslensk tunga eigi sinn sess í þróun þessarar tækni. Hún sagði einnig að við verðum að vera vakandi gagnvart notkun gervigreindar eins og sást m.a. í síðasta ármótaskaupi. Vegna umræðu á fundinum má geta að færeyska orðið yfir gervigreind er „vitlíki“. Fallegt og lýsandi orð.

Að lokum ræddi Halldóra um lestur og hæfileikann til að lesa sér til gagns. Nefndi hún m.a. niðurstöður Pisa kannana í því sambandi og þörfina á að ná til þeirra barna sem ekki ná grunnfærni í lestri og hjálpa þeim áfram. Sagði hún þá einstaklinga missa af miklu sem ekki ná þeirri færni í lesti að geta gleymt sér við bókalestur.

Að loknum fundi var kvöldverður snæddur á veitingahúsinu Galito. Þar var dregið í happdrættinu góða og fékk Jónína Erna vinninginn að þessu sinni.

Fundargerð ritaði Guðlaug Sverrisdóttir.